

Kæru Fundargestir

Ég heiti Herdís Anna Þorvaldsdóttir og er þriggja barna móðir úr Grafarvogi  
Ég er framkvæmdastjóri Þyrluþjónustunnar HELO sem er fyrirtæki í  
ferðaþjónustu sem ég hef verið að byggja upp undanfarin 4 ár.

Kem úr röðum hægri manna í móðurætt, mamma mín var í borgarstjórn og  
Hannes Hafstein var langalangaafi minn.

En það er svo skrítið að það var alþýðuflokkskona Herdís Þorvaldsdóttir,  
amma mín í föðurætt sem varð til þess að ég fór út í stjórnmal.

Ég var nenfilega að sanna fyrir henni að hún væri í vitlausum flokki. Að gildi  
sjálfstæðisflokksins samræmdust miklu betur hennar hugðarefnum sem  
voru umhverfismál.

Því í sjálfstæðisflokknum væri borin virðing fyrir eignarétti og verðmætum  
og stuðlað að ábyrgri nýtingu auðlinda eins og flokkurinn hefur staðið fyrir í  
sjávarútvegi. Svo ég fór á Landsfund og lenti í mótvindi og kunni því bara  
ágætlega og síðan varð ekki aftur snúið.

Ég er með tænar í borgarmálunum ég er í Hverfisráði Grafarvogs og er  
varamaður í nokkrum ráðum og nefndum.

Svo er ég stjórn Hvatar og framkvæmdastjórn Landsambands  
Sjálfstæðiskvenna

Ég er líka formaður Efnahags- og viðskiptanefndar Sjálfstæðisflokksins og  
þar hef ég fengið tækifæri til að vinna með góðu fólki og okkar frábæru  
þingmönnum. Það var einmitt eftir vellukkaða samvinnu með því fólki að  
stefnumótun hér um daginn sem ég fann að ég vildi meira svona svo ég  
ákvað að nú væri kominn tími til að drífa mig í framboð, stökk hérna upp á  
næstu hæð, náði í meðmæla listann og fór að safna.

Mín hugðarefni snúa að þeirri þekkingu og reynslu sem ég hef aflað mér.  
Ég vil halda áfram á þeirri góðu leið sem við erum á í efnahagsmálum,  
halda áfram að lækka skatta þar sem við á og afnema tolla.

Ég vil frekari hvata til að fyrirtæki stundi hér rannsóknir og þróun til að skapa hér samkeppnishæft umhverfi á alþjóðlegan mælikvarða í öllum greinum og skapa spennandi atvinnutækifæri.

Ég vil aukið valfrelsi og sveigjanleika í mennta og heilbrigðismálum.

Í ferðapjónustunni þurfum við að beita því hugarfari sem við nálguðumst sjávarútveginn á sínum tíma. Við verðum að auka verðmætasköpun með því að auka gæðin.

Og nátengt öllu þessu er eitt mikilvægasta verkefnið okkar að bæta samgöngur af því þær eru æðakerfi þjóðarinnar á þeim byggist, ferðapjónustan, útflutningur, heilbrigðisþjónustan, menntamálin og öll byggðapróun.

Við þurfum faglega framtíðarsýn í umferðarmálum Íslands

Hef heyrt því fleygt að ég sé glaðlynd en að fólk viti ekki fyrir hvað ég stend.

Já ég er glaðlynd en ég er líka grjóthörð frjálshyggjukona.

Mér er dauðans alvara, ég ber ábyrgð á lífi fólks í háloftunum á hverjum einasta degi.

Eg er eina konan á Íslandi sem er í ábyrgðarstöðu fyrir flugfélag gagnvart Flugmálastjórn

Ég stend fyrir valfrelsi, minni forræðishyggju og að fólk fái að halda sem mestu eftir af sínu sjálfsaflafé jafnframt því að grunnstoðirnar það sterkar að þær geri okkur kleift að hver einstaklingur geti lifað hér mannsæmandi lífi.

En það er nauðsinlegt að hafa gaman að því sem maður gerir til að hrífa fólk með sér.

Og því bið ég ykkur um að kjósa mig, glaðlynda grjótharða sjálfstæðiskonu í fimmta sæti í prófkjörinu á laugardaginn.

Það sem heillar mig hvað mest við stjórnámál eru samskipti við fólk að kynnast skoðunum og hugmyndum annara og víkka sjóndeildarhringinn. Í kaffispjallinu á föstudaginn síðasta heyrði ég t.d. frábæra hugmynd hér í Valhöll frá Ingibjörgu Sverrisdóttur sem mig langar að endilega að fái brautargengi innan okkar flokks.

Hugmyndin gengur út á að fyrirtæki greiði lægra tryggingargjald vegna eldri launþega.

Þarna er kominn hvati í kerfið til að fyrirtæki ráði fullorðin fólk og þetta ætti að vera raunhæft þar sem helmingurinn af tryggingagjaldinu fer í fæðingarorlof.

Það þarf að verða eftirsóknarvert að mennta sig til starfa í ferðaþjónustu eins og það varð eftirsóknarvert að mennta sig til starfa í sjávarútvegi.